

Stjórnar kór eins og kolkrabbi



Mun ekki sakna Dags



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Lífið > 18

Lífið > 18

FRÉTTABLAÐIÐ

105. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 24. MAÍ 2022



Nýuppsettir jarðskjálftamælur gætu aukið skilning á því sem er á seiði undir yfirborðinu á Reykjanesi. Búast má við aukinni tíðni eldgosa þar næstu áratugi. SJÁ SÍÐU 4 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Biskup fordæmir brottvísanir hælisleitenda

Þjóðkirkjan harmar að vísa eigi fjölda fólks sem jafnvel hafi skotið hér rótum úr landi. Biskup segir mat ráða fremur en strangt túlkaðar reglur. Stríðir gegn anda kristilegra gilda.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, segir mat, fremur en óhagganlegar reglur, ráða för í fyrirhuguðum fjöldabrottvísunum hælisleitenda og flóttafólks héðan af landi. Hún gagnrýnir áform íslenskra stjórnvalda og segir for-

dæmalausar brottvísanir fram undan stríða gegn kristnum gildum. „Við viljum fara eftir lögum og reglum en við viljum að reglur séu túlkaðar á mannúðlegan hátt en ekki eins strangt og hægt er,“ segir Agnes biskup.

Agnes segir afleitt að til standi að vísa fólki burt, sem hafi komið sér fyrir hér á landi og skotið rótum.

„Það virðist matskennt hvort fólki sé vísað úr landi eða ekki.“

Agnes segir hælisleitendur hafa leitað mikið til kirkjunnar, ekki sist til alþjóðlegs safnaðar í Breiðholti. Komið hefur fram að stór hluti hælisleitenda verður sendur til Grikk-



Við viljum að reglur séu túlkaðar á mannúðlegan hátt en ekki eins strangt og hægt er.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands

lands, þar sem ríkir ófremdarástand. Agnes telur langflesta presta landsins harma brottvísanirnar.

„Við erum kristnar manneskjur og okkur ber að aðstoða þau sem eru á flótta, okkur ber að vera gestrisin,“ segir Agnes, sem segir afstöðu Íslendinga snúast að nokkru um kristileg gildi.

„Við spyrjum ekki fólk sem stendur fyrir framan okkur og er í vandræðum um hugmyndir þess um tilveruna. Við hjálpum þeim sem eru í vandræðum. Við komum vel fram við manneskjur, sem eru skapaðar af Guði eins og við öll,“ segir Agnes. Mótmælafundur fer fram á

Austurvelli á laugardag þar sem hælisleitendur hafa sjálfir orðið. Hrína fyrirhugaðra brottvísana í kjölfar Covid er fordæmalaus. Allt að 300 manneskjur verða að óbreyttu fluttar nauðugar burt, þar af er kona sem komin er átta mánuði á leið. Sumir sem hafa fengið boð um brottvísun hafa dvalið hér á landi í þrjú ár. Sema Erla Serdar hjá hjálparsamtökum flóttafólks og hælisleitenda segir: „Þetta er spurning um vilja.“

Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra hefur brugðist við gagnrýni með því að verja brottvísanirnar. Hann segir að fólkinu hafi verið ljóst að það væri stótt hér öðlegga. ■

Tímalausi töffarinn Taigo

Rúmgóður smábíll með frábæra aksturshæfni bæði til innanbæjaraksturs og á þjóðvegum landsins. — Verð frá 4.690.000 kr.

H Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.volkswagen.is/taigo





Maðurinn lenti á Keflavíkurlugvelli með drenginn 28. apríl síðastliðinn.

Maður grunaður um mansal er laus úr gæsluvarðhaldi

ingunnlara@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Erlendur karlmaður grunaður um mansal er ekki lengur í gæsluvarðhaldi en hefur verið gert að tilkynna sig reglulega til lögreglunnar á Suðurnesjum.

Maðurinn kom hingað til lands þann 28. apríl síðastliðinn með ungan dreng í för án ferðaskilríkja. Grunur er um að barnið hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi og vanvirðandi háttsemi. Lögreglan segir sömuleiðis rökstuddan grun um að um mansalsmál sé að ræða og að maðurinn standi ekki einn að flutningi barnsins milli landa og hingað til lands.

Farið var fram á gæsluvarðhald yfir manninum og var það staðfest bæði í héraðsdómi og Landsrétti en það rann út 19. maí. ■

Leiðin til Írlands



Lagningu ÍRIS sæstrengsins milli Íslands og Írlands hófst formlega í gær í Hafnarvík við Þorlákshöfn, á vegum bandaríska fyrirtækisins Subcom. ÍRIS sem er 1.750 kílómetra strengur mun, að því er kemur fram á vefsíðu Farice, styrkja fjarskiptainnviði Íslands verulega og minnka fjarlægðina til Bretlandseyja. Þar segir enn fremur að 16. júní hefjist lagning strengs út frá Galway á Írlandi og að áætlað sé að tengja saman sæstrenginn frá höfn til hafnar 10. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Einar Þorsteinsson boðaði Framsóknarmenn á fund í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framsókn fundaði fram eftir kvöldi

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Nokkrir tugir Framsóknarmanna funduðu með Einari Þorsteinssyni, oddvita flokksins, í Reykjavík í gærkvöldi. Fundar efnið var ósk oddvita Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar um formlegar meirihlutaviðræður við Framsóknarflokkinn. Nú eru tíu dagar frá

kosningum og formlegar viðræður um meirihlutasamstarf eru ekki hafnar, þótt óformlegar þreifingar hafi verið alla síðustu viku.

Samfylkingin, Píratar og Viðreisn hafa samtals tíu borgarfulltrúa og vantar tvo til að mynda meirihluta. Framsókn er með fjóra fulltrúa og meirihluti þessara flokka yrði því skipaður fjórtán fulltrúum. ■

Nýta afgangсроðið til að gera góðgæti fyrir hunda

MarPet ehf., dótturfélag Skinneyjar-Þinganes á Hornafirði, hefur nýtt afgangсроð úr fiskvinnslunni til að gera hundasnakk. Snakkið góða er komið í tvö þúsund verslanir um allan heim og hyggst fyrirtækið hefja sölu undir eigin vörumerki.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Við tökum roðið, þurrkum það og klippum og búum til stangir úr því sem eru seldar víða um heim,“ segir Erlingur Brynjólfsson hjá Skinney-Þinganesi. MarPet, dótturfélag fyrirtækisins, framleiðir hundasnakk fyrir kaupendur um allan heim.

„Það mun þó breytast því innan skamms kemur Gunni's Taste of Iceland á markað, vörulína fyrirtækisins með hundasnakk,“ segir Erlingur.

Þetta er ekki eina frumkvöðla-starfsemin innan fyrirtækisins því það hefur verið að þurrka korn sem Erlingur segir að sé ekki algengt hjá fiskimjölsverksmiðjum.

Fyrirtækið hitti atvinnu- og menningarmálanefnd Hornafjarðar í vikunni og kynnti nýjungarnar fyrir henni, meðal annars hundasnakkið eftirsótt. Erlingur segir töluverða breytingu hafa orðið á vinnslu og mörkuðum síðustu ár.

„Nú er allt roðflett og við sátum uppi með óhemju magn af roði. Við lögðumst yfir það hvað í ósköpunum við gætum gert við allt þetta roð og þá kom aðili sem var búinn að hugsa út í hundasnakkið og við fórum að stinga saman neffjum. Nú erum við á þeim stað að við höfum vart undan,“ segir Erlingur.

Þetta segir Erlingur að hjálpi fyrirtækinu að hafa verkefni fyrir starfsfólkið en frá lokum loðnuvertiðar var stundum lítið að gera.



Dorota Henger, verkstjóri vinnslunnar, sýnir hvernig roðið er brett saman. MYND/SKINNEY ÞINGANES



Snakkið góða er komið í 2.000 verslanir um allan heim.

Við lögðumst yfir það hvað í ósköpunum við gætum gert við allt þetta roð.

Erlingur Brynjólfsson, hjá Skinney-Þinganesi

„Nú eru föst verkefni fyrir starfsfólkið og enginn aðgerðalaus. Við værum ekki neitt án okkar góða starfsfólks,“ segir hann.

„Við höfum verið að koma snakkinu um allan heim, hvort sem það er Ástralía, Kórea, Evrópa eða Bandaríkin. En núna erum við að fara af stað með okkar eigið vörumerki, Gunni's Taste of Iceland, sem er nafn sem hefur heilmikla

tengingu við okkur,“ heldur Erlingur áfram.

Þótt fyrirtækið hafi vart undan að gera hundasnakkið segir Erlingur ýmis önnur plön með nýsköpun í gangi.

„Við erum að prófa okkur áfram með að gera annað snakk úr síldarbitum og svo ætlum við að þurrka meira korn en við gerðum í fyrra. Það er því ýmislegt í pípunum hér á Hornafirði,“ segir Erlingur. ■

DOMUSnova

Fasteignasala

Hlíðasmára 4 • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

+

Domusnova Fasteignasala verður lokuð eftir hádegi í dag, þriðjudag, 24. maí

vegna útfarar okkar kæra samstarfsmanns Magnúsar Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns og fasteignasala.

www.domusnova.is

TÖLUM UM LEXUS UX

Lexus UX 300e er hreinræktaður rafmagnsbíll frá Lexus – magnaður persónuleiki sem þú verður að kynnast af eigin raun.

Algjört augnayndi og aksturinn er draumi líkastur, hvort heldur sem er í erli borgarinnar eða á hlykkjóttum sveitavegum.

Komdu í Kaptúnið og kynntu þér Lexus UX 300e



Lexus Ísland – Kaptúni 6, Garðabæ – lexus.is

 **LEXUS**
EXPERIENCE AMAZING

Veritabus spáir meiri verðbólgu

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Veritabus spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 1,3 prósent milli apríl og maí. Gangi þetta eftir mælist verðbólga síðustu tólf mánaða 7,9 prósent.

Hækkunin er drifin áfram af hækkunum á leigu og reiknaðri húsaleigu, matvöru og eldsneyti. Hækkun á matvöru milli mánaða er einkum tilkomin vegna 5 prósentu hækkunar á mjólkurvörum hjá Mjólkursamsölunni í byrjun apríl.

Veritabus spáir meiri hækkun vísitölunnar en Landsbankinn og Íslandsbanki og skýrist það aðallega af því að Veritabus reiknar með meiri hækkunum á matvöru og reiknaðri húsaleigu en bankarnir.

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs 30. maí næstkomandi. ■



Öryggisteymi Bláa Lónsins hefur yfirfarið áætlanir sínar og viðbúnað.

Starfsemi Bláa lónsins óbreytt

benediktarnar@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ „Gestirnir í dag eru almennt rólegir yfir stöðunni,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri hjá Bláa lóninu, vegna jarðskjálftahrinu sem riðið hefur yfir Reykjanesskaga.

„Eftir að óvissustigi var lýst yfir fyrr í mánuðinum þá hefur öryggisteymi Bláa lónsins yfirfarið allar sínar áætlanir og viðbúnað með tilliti til mismunandi sviðsmynda. Við erum auðvitað líka í mjög nánun og góðu sambandi við almannavarnir og Grindavíkurbæ og fylgumst vel með stöðunni í gegnum þá, að sjálfsgöðu með öryggi gesta og starfsfólks að leiðarljósi,“ segir Helga. ■

Viðbyggingu Stjórnarráðshússins slegið á frest

ser@frettabladid.is

FRAMKVÆMDIR Framkvæmdir við viðbyggingu Stjórnarráðsins hefjast ekki fyrr en eftir ár. Margt hefur tafið. Fyrst fornleifauppgröftur en síðar nýjar útfærslur á teikningum hússins, þar sem fremur er gert ráð fyrir alrými en einkaskrifstofum.

Fyrstu hugmyndir um stækkun Stjórnarráðsins eru frá aldarbyrjun en þær gerðu ráð fyrir sex hæða húsi á milli Bankastrætis og Hverfisgötu.

Á sama tíma og málið hefur velkst um í kerfinu hefur starfsmanna-

fjöldi í ráðuneytinu aukist til muna og hefur það þurft að leigja húsnæði sunnar í Lækjargötu auk rúmrar aðstöðu sem það hefur leigt um árabíl í neðsta hluta Hverfisgötu.

Alþingi samþykkti loks ályktun árið 2016 um samkeppni um hönnun viðbyggingarinnar. Tveimur árum seinna afhenti afhenti Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra verðlaun í þeirri samkeppni fyrir mun lágstemmdara hús í bakgarði Stjórnarráðsins, en fyrstu hugmyndir gerðu ráð fyrir, en áætlað er að það verði 1.100 fermetrar. ■



Ekkert hefur verið aðhafst í bakgarði Stjórnarráðshússins um langa hríð, en í næsta mánuði er ár liðið frá því að fyrsta skóflustungan var tekin þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

Fagradalsfjallsgos kurteis viðvörðun


Um 400 jarðskjálftar hafa mælst á Reykjanesi síðastliðinn sólarhring, þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur segir að skjálftamynstrið sé svipað og þegar gaus í Geldingadölum við Fagradalsfjall.

benediktarnar@frettabladid.is
sigtryggurari@frettabladid.is

ELDGOS „Það er ekkert sem bendir til þess að eldgos sé að koma í augnablikinu. Eg myndi nú halda miðað við fyrri reynslu að við séum að tala um einhverja mánuði áður en það kemur gos,“ segir Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um jarðhræringarnar á Reykjanes-skaga undanfarnar vikur. Um 400 jarðskjálftar hafa mælst á svæðinu síðan á sunnudag. Þorvaldur segir skjálftavirknina svipa til þeirrar sem var undanfari eldgossins í Fagradalsfjalli. „Þetta er svipað mynstur og hugsanlegt að við séum að sjá sömu hlutina gerast.“

„Það eru náttúrulega mestu líkurnar á að það verði gos í grennd við þar sem skjálftavirknin hefur verið hvað mest, á stöðum líkt og Eldvörpunum, sem eru rétt vestan við Grindavík og í Þorbirni, þar sem landið hefur verið að rísa. Svo er einnig búin að vera skjálftavirkni rétt við Sveifluhálsinn og við Kleifarvatn,“ segir Þorvaldur, en hann telur að það muni ekki gjósa á öllum þessum stöðum í einu. „Ég myndi halda að það muni hugsanlega verða eitt meðaleldgos, jafnvel lítið gos á einum stað.“

Þorvaldur segir að gos kæmi ekki fyrirvaralaust. „Við myndum vita af því. Mestar líkur eru á svipuðum atburðum og rétt fyrir gosið í Geldingadölum. Ef kemur til goss á einhverjum þessara staða myndi



Töluvert ris hefur orðið á svæðinu að undanfögnu.

MYND/VEDURSTOFAN

skjálftavirknin stórauðkast og afmarkast við staðinn þar sem kvikan er að brjóta sér leið til yfirborðs.“

Hann segir að gos leiði af sér bæði jákvæð og neikvæð áhrif. „Skaginn getur búið til stór gos líka og áhrifin af svona gosum eru bæði jákvæð og neikvæð. Jákvæð út af túrismanum og að fólk geti horft á gosið og haft gaman af. Neikvæðu áhrifin eru að gosið er tiltölulega nálægt mikilvægum innviðum. Hvort sem það eru vegir eða hitaveitulagnir, þá gæti gos eyðilagt þessa innviði. Við þurfum að vera viðbúin að taka á þessu, það er ekki gott að biða eftir gosi og sjá hvað gerist. Við þurfum að hugsa fram í tímann.“

Þorvaldur segir að við ættum að undirbúa okkur undir að eiga við eldgos á Reykjanesskaganum ött og títt næstu áratugi. „Þetta gæti orðið stór þáttur í lífi okkar,“ segir hann og telur að síðasta gos hafi verið viðvörðun. „Eldgosið í Fagradalsfjalli var mjög kurteis viðvörðun, því við vitum að það geta verið öflugri gos á Reykjanesskaga.“ ■

Nýir mælar gefa skýrari mynd af kvikuinnskoti

„Þessir mælar munu gefa upplýsingar sem nýtast okkur til að skilja betur hvað er að gerast hérna beint undir okkur í þessu kvikuinnskoti,“ segir Kristín Jónsdóttir, hópstjóri náttúruvörvöktunar Veðurstofunnar, sem var við uppsetningu jarðskjálftamæla á Reykjanesskaga í gær.

„Þetta eru mælar sem við höfum að láni frá Carnegie-háskóla í Bandaríkjunum. Þar er vísindakona sem heitir Diana Roma, sem kom hingað í tengslum við eldgosið í fyrra og setti út þessa mæla. Hún skildi þá svo eftir hér, ef eitthvað kæmi upp. Nú er auðvitað tilvalið að nýta þá,“ segir Kristín.

„Við vonumst eftir því að geta nýtt okkur þessar upplýsingar til að geta fylgst betur með kvikuhreyfingum og skilið betur hvernig við getum nýtt okkur jarðskjálftamælingar til þess að varpa ljósi á það sem fram fer hérna undir okkur,“ segir Kristín. „Þetta er með bestu mælum sem völ er á. Svokallaður breiðbandsmælir.“ ■



Breiðbandsmælirinn getur sýnt hátíðnihreyfingar upp í 250 ríð og hægari hreyfingar með bylgjum allt niður í 20 sekúndna bylgjulengd.

EIGUM BÍLA
TIL AFHENDINGAR
STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLOÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

JEEP IS

4xe
PLUG-IN HYBRID

KLÁRIR Í FERÐALAGIÐ

Nýir notaðir bílar sem eru ástandsskoðaðir fyrir sumarið



Rnr. 148334

JAGUAR F-Pace 180d Portfolio
Nýskr. 03/19, ekinn 44 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
8.690.000 kr.



Rnr. 432578

HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 03/17, ekinn 39 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
3.990.000 kr.



Rnr. 380037

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 01/19, ekinn 100 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.990.000 kr.



Rnr. 420942

LAND ROVER Defender TDV6 200d
Nýskr. 01/21, ekinn 23 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
15.290.000 kr.



Rnr. 393366

LAND ROVER Discovery 5 SE SDV6
Nýskr. 06/19, ekinn 95 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
10.890.000 kr.



Rnr. 393397

JAGUAR E-Pace SE R-Dynamic
Nýskr. 06/18, ekinn 42 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
6.290.000 kr.



Rnr. 261051

BMW X3 Xdrive30e
Nýskr. 10/21, ekinn 11 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
9.290.000 kr.



Rnr. 148812

BMW X1 Xdrive25e X-Line
Nýskr. 09/20, ekinn 11 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
6.790.000 kr.



Rnr. 148758

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 01/20, ekinn 53 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
5.590.000 kr.



Rnr. 333932

LAND ROVER Discovery Sport S.
Nýskr. 04/20, ekinn 31 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
7.290.000 kr.



Rnr. 380048

SUBARU Outback LUX Harman Kardon
Nýskr. 04/21, ekinn 8 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
7.790.000 kr.



Rnr. 333428

BMW X3 Xdrive20d
Nýskr. 07/19, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
6.990.000 kr.

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland og Hyundai notaðir
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland
www.facebook.com/bilaland.is

Yfir helmingur húseigna fer á yfirverði

ser@frettabladid.is

FASTEIGNIR Meira en helmingur þeirra húseigna sem skipti um eigendur hér á landi í síðasta mánuði seldist á yfirverði.

„Það er fyrsta skipti sem það gerist,“ segir Hannes Steindórsson, formaður Félags fasteignasala, en hann metur það svo að stýrivaxtahækkunarir Seðlabankans á undanföllum mánuðum hafi ekki slegið á þenslu á húsnæðismarkaði.

„Það er frekar að þær miklu verðhækkunarir sem verið hafa á fasteignamarkaði haldi aftur af fólki, einkum ungu fólki sem hugar að sinni fyrstu íbúð,“ segir Hannes, en telur að vaxtahækkunarirnar hafi lítil sem engin áhrif á þá sem fyrir eru á húsnæðismarkaði og eru að skipta um fasteign.

Hann segir stöðuna á íslenskum fasteignamarkaði aldrei í sögunni



Það er í fyrsta skipti sem það gerist.

Hannes Steindórsson, formaður Félags fasteignasala

hafa verið jafn slæma, hvað framboð á fasteignum varðar. Í síðasta mánuði hafi 221 eign í fjölbýli verið til sölu á öllu höfuðborgarsvæðinu, frá Mosfellsbæ og út á Seltjarnarnes, og enn færri sérþýli.

„Til að fasteignamarkaður teljist í jafnvægi þarf allt að fjögur þúsund eignir í sölu á höfuðborgarsvæðinu og það sjá það allir að dæmið gengur ekki upp,“ segir Hannes Steindórsson og minnir á að fasteignaverð hafi hækkað um tuttugu prósent í fyrra og gert sé ráð fyrir allt að tíu prósent hækkun í ár. ■



Guðrún Svanborg Hauksdóttir, yfirlæknir sýkla- og veirufraeðideildar Landspítalans.

MYND/HRINGBRAUT

Kynlífsiðkun ferðamanna eykur útbreiðslu apabólu

Aukin hætta er á apabólusmiti meðal þeirra sem stunda óvarið kynlíf samkvæmt nýrri rannsókn. Apabóla hefur greinst víða um Evrópu. Handþrottur og hreinlæti getur skipt sköpum.

ragnarjon@frettabladid.is

SMITSJÚKDÓMAR Apabóla breiðist út í auknum mæli með ferðalöngum sem stunda kynlíf erlendis. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu frá Evrópsku sóttvarnastofnuninni. Samkvæmt henni er aukin hætta á smiti ef stundað er óvarið kynlíf með mörgum einstaklingum.



Til þess að minnka líkur á að smitast af apabólu segir Guðrún Svanborg Hauksdóttir, yfirlæknir sýkla- og veirufraeðideildar Landspítalans, að mikilvægast sé að „umgangast ekki ókunnuga eða annað fólk mjög náið. Þetta þurfa þó að vera talsvert náið samskipti.“ Handþvottur og almennt hreinlæti sé mjög mikilvægt og bætir Guðrún við að „maður losnar við vírusinn af höndunum með handþvotti og helst á að passa að koma ekki við augun án þess að þrífa hendurnar fyrst.“

Apabóla hefur nú greinst í mörgum Evrópulöndum, meðal annars Austurríki, Danmörku, Belgíu, Hollandi, Þýskalandi og Spáni. Sjúkdómurinn er ekki landlægur í neinum af þessum löndum, en á uppruna sinna að rekja til Afríkulanda eins og Mið-Afríkulýðveldisins og Kongó.

Aðspurð hvers vegna sjúkdómurinn sé að greinast á mismunandi stöðum í auknum mæli segir Guðrún: „Það er ómögulegt að segja. Auðvitað var mikil einangrun í

Dreifing apabólu á heimsvísu

Apabóla, veirusjúkdómur sem finnst helst í Vestur- og Mið-Afríku, hefur dreifst um Vesturlönd og Ástralíu á skala sem hefur ekki sést áður.



Heimildir: BBC, Reuters, WHO

Myndir: CDC

© GRAPHIC NEWS

Covid og nú er fólk að snúa mikið að fyrri háttum. Þannig er þetta líklegast tilviljun að einhver kom smitaður frá Afríkulandi og smitaði einhvern annan. En annars er það ómögulegt að segja.

Meðgöngutími veirunnar er um tvær vikur en fyrstu einkenni eru

meðal annars hiti, roði og útbrot, sem verða seinna meir að blöðrum á húð. Þessu svipar um margt til hlaupabólu og bólusóttar, en Guðrún segir þó: „eitlastækkunarir eru mjög einkennandi. Það er það sem skilur þetta að frá öðrum skyldum sjúkdómum.“ ■

Tryggi lögreglumönnum húsnæði

gar@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Dómsmálaráðuneytið ætti að sjá lögreglumönnum úti á landi fyrir íbúðarhúsnæði, segir sveitarstjórn Langanesbyggðar.

Í bókun bendir sveitarstjórnin á að löggæslumyndamið þar nyrðra sé mjög viðfeðmt og því sé mikilvægt að viðvera löggæslumanna sé sem best.

„Forsenda þess að lögregluþjónar faist til búsetu hér og víða á landsbyggðinni er að húsnæði sé til staðar, ólíkt því sem til dæmis gerist víða í þéttbýli, þar sem húsnæðismarkaður sé mjög litill víða á landsbyggðinni,“ segir sveitarstjórnin. Nær undantekningarlaust þurfi aðkomufólk til starfa í lögreglunni þar, meðal annars vegna



Heimamenn á Þórshöfn í Langanesbyggð benda á að þeir búi í viðfeðmu lögreglumdæmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR



Framboð húsnæðis á landsbyggðinni er mjög lítið.

fámennis og einsleits vinnumarkaðar. „Þá er ólíklegt að fólk sem starfar hér við löggæslustörf hverfi til annarra starfa hér á svæðinu, ólíkt því sem gerist á þéttbýlli svæðum. Því er það rökrétt að ráðuneytið tryggi öruggt húsnæði fyrir sína starfsmenn á svæðinu.“ ■

ADALSAFNAÐARFUNDUR LÁGAFELLSSÓKNAR

verður haldinn þriðjudaginn 24. maí kl. 20 í safnaðarheimilinu, Þverholti 3, Mosfellsbæ.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknamefnd

8 TO 10 JUNE 2022 Smárin Kópavogur Iceland

The largest commercial fishing exhibition in the North

Íslenska sjávarútvegssýningin nær til allra þátta nútímalegs sjávarútvegs

Visit: Icefish.is

Tel: +44 1329 825335

Email: info@Icefish.is

[f](#) [t](#) [in](#) [a](#)

#2022Icefish

Organiser: **mercatormedia** magazine, events, online

Official Logistics Company: **TVG-ZIMSEN**

Official International Magazine: **WORLD FISHING & AQUACULTURE** SINCE 1952

Official Icelandic Publication: **Fiskifréttir**

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN
HYBRID

SUZUKI ACROSS PLUG-IN HYBRID ER SPARNEYTINN,
UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR SPORTJEPPI

VERÐ KR.
8.990.000



SUZUKI
5
ÁRA
ÁBYRGÐ

4X4

SUZUKI ACROSS
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast
í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílnum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvelli: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi



YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Letjandi dómur



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Gísli Hauksson, fyrrverandi forstjóri og annar stofnenda GAMMA, var í síðustu viku dæmdur í 60 daga skil-orðsbundið fangelsi og til greiðslu 500 þúsund króna miskabóta og alls sakarkostnaðar í máli sem fyrrverandi sambýliskona hans höfðaði gegn honum.

Dóminn hlaut Gísli eftir að hafa verið gefið að sök að hafa ítrekað tekið teða sambýliskonu sína kverkataki, skellt henni utan í vegg og þrengt að hálsi hennar svo hún átti erfitt með andardrátt og féll í gólfið. Í kjölfarið hafi hann, þegar brotapolí hafi hörfað inn í herbergi, farið á eftir henni og ítrekað gripið um handleggi hennar og fleygt henni á rúm. Allt með þeim afleiðingum að hún hlaut tognun og ofreynslu á háls hrygg og brjóst hrygg auk margra yfirborðsáverka á hálsi, öxl og upphandlegg.

Gísli viðurkenndi sök.

Hann viðurkenndi að hafa ráðist á konuna sem hann þá deildi rúmi og heimili með ásamt börnum. Hann játaði skýlaust að hafa ráðist á hana á þann hátt að hún fann sig knúna til að flýja eigið heimili, berfætt um miðja nótt með svefnpoka einan farangurs.

Ef Gísli brýtur ekki af sér næstu tvö árin mun hann aldrei sitja í fangelsi í þessa tvo mánuði sem dómurum þótti hæfileg refsing og skil-orðsbundu. Hann mun því líklega aldrei sæta refsingu fyrir þann skaða sem hann olli konu sem eitt sinn treysti honum og deildi með honum lífi.

Fimm hundruð þúsund krónurnar sem honum var gert að greiða í miskabætur eru hneisa. Lögmaður brotþola fór fram á þrjár milljónir. Þó að sú upphæð sé ekki há hefði hún mögulega haft eitthvað að segja í þann kostnað sem brotapolí þurfti að standa straum af við skyndilegan heimilismissi og þá aðstoð sem mælt er með að sækja við áfall af slíkri stærðar-gráðu.

Til refsilækkunar kom tvennt: Sakfelldi var ekki með brotasögu og játaði brot sitt. Það gerði hann þó ekki fyrr en fyrir dómi. Ekki við skýrslutöku lögreglu og aldrei á því eina og hálfa ári sem leið frá því kæra var lögð fram og þar til málið var dómtekið. Aldrei. Slík var iðrunin. Brotapolí lýsti því eftir að dómur féll að ítrekaðar neitanir gerandans hefðu margfaldað vanlíðan hennar. Kæruferlið sagði hún á margin hátt hafa gert upplifunina af ofbeldinu verri.

Það þarf kjark, úthald og fjármagn til að stíga fram og kæra ofbeldi af þessu tagi. Dómar eins og sá sem hér hefur verið tíundaður eru lítil hvatning til þess að leggja slíkt á sig og sína. ■

Hann mun því líklega aldrei sæta refsingu fyrir þann skaða sem hann olli konu sem eitt sinn treysti honum og deildi með honum lífi.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is
bth@frettabladid.is

Innilokaðir útilokarar

Í Ráðhúsinu við Reykjavíkurtjörn eru margar dyr sem nú eru hver af annarri að lokast. Fólk skýst þar um ganga, hverfur inn um gætt og skellir á eftir sér. Og harðlæsir. Svo aðrir komist ekki inn, séu útilokaðir. Inni er rökkur og stundum erfitt að átta sig á hverjir eru fyrir í herberginu. Kannski bara enginn. Öll ljós slökkt og ekki séns að komast út fyrir þá sem eru innilokaðir. Þau sem eru heppin ramba kannski á sjálfan borgarstjórnarsalinn.

Þorsteinn Már og Þórsarar

Þórsarar á Akureyri hafa fundið skýringu á því hvers vegna Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn kúventu og sögðu skilið við L-listann í bænum er flestir töldu aðeins formsatriði að klára meirihlutaviðræður.

Herma Þórsarar að Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hafi mikil ítök, jafnt hjá Sjálfstæðismönnum sem Framsókn á Akureyri. Hinn valdamikli kvótakóngur og ástríðumaður fyrir gengi íþróttafélags KA hafi heyrt að L-listinn ætlaði sér að rétta hlut íþróttafélagsins Þórs um of. Hann hafi tekið upp símann og með því hafi L-listinn endað á köldum klaka, en undirgefnir Framsóknarmenn og Sjálfstæðismenn tekið boltann og skilað tuðrunni beint í mark. Mark Þórsara það er að segja. ■

Borðum ávexti og grænmeti



Alma Möller
landlæknir

Landskönnun á mataræði 2019-2021 sýndi að neysla á ávöxtum hefur minnkað um 18% frá 2011, mest meðal ungra kvenna. Meðalneysla er nú 98 g á dag sem samsvarar einum litlum banana. Neysla á grænmeti stendur í stað og er 114 g á dag sem samsvarar einum og hálfum tómati. Samanlögð neysla grænmetis og ávaxta er því minni en helmingur þess sem er ráðlagt sem er minnst 500 g á dag. Minni ávaxtaneysla kemur m.a. fram í minni neyslu C-vítamíns en helmingur nær ekki ráðlögðum dagskammti sem er 75 mg á dag. C-vítamín er mikilvægt til að mynda bandvef (kollagen) sem og ýmis hormón og boðefni fyrir heila og taugakerfi. Um helmingur kvenna og þriðjungur karla nær ekki meðalþörf (200 µg á dag) fyrir B-vítamínið fólát úr fæðunni. Fólát er helst að finna í grænmeti, hnetum, baunum, sumum tegundum ávaxta og morgunkorni. Of lítil neysla á fólati fyrir þungun og í byrjun meðgöngu eykur hættu á skaða í miðtaugakerfi fösturs.

Það er misskilningur að ávextir séu óhollir af því að þeir innihaldi mikinn sykurl. Ávextir innihalda ávaxtasýkur frá náttúrunnar hendi sem gerir þá ekki óholla. Það er gott fyrir heilsuna að borða ávexti daglega. Ávaxta- og grænmetisneysla dregur úr líkum á t.d. hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki 2 og vissum tegundum krabbameina auk þess að auðvelda okkur að viðhalda heilsusamlegri líkamsþyngd. Hollustan er m.a. fölginn í rikulegu magni af vítamínum, steinefnum og trefjum. Þess vegna er ráðlagt að borða minnst 500 g af grænmeti og ávöxtum á dag. Betta á við um alla ferska og frosna ávexti og ber en ekki þurrkaða ávexti eða safa.

Heilsufarslegur ávinningur af því að auka neyslu á fæðu úr jurtaríkinu, s.s. grænmeti, ávöxtum, berjum, baunum, linsum, hnetum og fræjum, er mikill. En það er líka gott fyrir umhverfið því minni neysla dýraafurða hjálpar til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Sjá nánar Ráðleggingar um mataræði: landlaeknir.is/radleggingar ■



Það er misskilningur að ávextir séu óhollir af því að þeir innihaldi mikinn sykurl.

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

**FRÉTTA
VAKTIN**

Þegar kollurnar eru skotnar með



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaup-
sýslumaður og
stjórn málarýnir

Eins og fram hefur komið, er mikil verðbólga í gangi hér, 7-8%, en líka í Evrópu, svipuð, en í báðum tilvikum er það mest hækkun innflutts varnings og hækkun húsnæðisverðs sem kyndir undir þessari verðbólgu.

Ólík afstaða seðlabankamanna
Seðlabankar Evrulandanna 19, svo og sérfræðinganefnd Seðlabanka Evrópu, hafa ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum, á núlli, 0,0%, þrátt fyrir að verðbólgan sé alls staðar talin ógnun við heilbriggt hagkerfi og velferð. Ástæðan er að allir þessir seðlabankar og fremstu peningamála-sérfræðingar álfunnar meta það svo að hækkun stýrivaxta nái ekki til þeirra orsaka sem um ræðir, sé ekki rétta meðalið, og, að hækkun

vaxta myndi engan vanda leysa. Aðeins íslenzkir peningastefnu-sérfræðingar, seðlabankastjóri og Peningastefnunefnd, telja sig vita betur; nú sé rétt og brýnt að vaða í stórfelldar vaxtahækkanir til að hemja verðbólguna, eins og þeir vilja vera láta. Hafa þeir því hækkad stýrivexti um 3%, í 3,75%, á skömmum tíma.

Hvor aðilinn skyldi vita betur?
Menn geta velt því fyrir sér hvort líklegt sé að seðlabankastjórar, Governors, evrulandanna 19, auk sex manna sérfræðingateymis bankans, séu eftirbátar íslenzkra seðlabankamanna að þekkingu, reynslu og fagmennsku, séu kannske bara að gera tóma delli, og Íslendingarnir séu þá miklu klárari og með þetta allt á hreinu, eða ekki, en undirritaður hefur sínar efasemdir um að okkar ágætu landar hafi hér vinninginn.

Rökin fyrir efasemdunum
Önnur meginástæða verðbólgunnar er hækkun á verðlagi innflutts varnings. Hún verður ekki hamin með hækkun vaxta, þvert á móti hækkar vaxtahækkun innflutningsverðlag, því þennan inn-

flutning þarf að fjármagna, og fjármagnið kostar vexti; kostar meira, þegar vextir hækka. Ekki læknar stýrivaxtahækkun þetta mein.

Hin meginástæðan er hækkun húsnæðiskostnaðar. Sú hækkun bitnar mest á húsnæðis kaupendum, sem er takmarkaður hópur. Það er talið að það þurfi 3-4.000 nýjar íbúðir á ári, og fjöldi íbúðar-kaupa virðist vera 10-12.000 á ári.

Þessi viðskipti ná því aðeins til takmarkaðs hóps, kannske tíunda hluta þjóðarinnar, og verður að teljast út í hött að gera ráðstafanir sem bitna á þjóðinni allri, en það gerir stýrivaxtahækkun, til að reyna að hemja húsnæðisverðlag.

Auk þess lækkar vaxtahækkun ekki byggingarkostnað, heldur hækkar hann ennþá meira, því byggingafjármagnið kostar líka vexti.

Hvað er til ráða?
Vandinn er sérstakur og einangraður mest við tvö vandamál. Það verður því að beita sértækum, hnitmiðuðum lausum, sem beinast að þessum tveimur vandamálum, en alls ekki almennum aðferðum, sem bitna á öllu og öllum, eins og Seðlabanki gerir.

Hvað með innflutninginn?
Verðlagning á innfluttum varningi samanstendur af tveimur þáttum: því, sem varan kostar í erlendri mynt, og gengi krónunnar. Ef gengið er veikt, hækkar innflutningsverð, ef gengi er sterkt, lækkar það. Til að mynda, ef erlent verðlag hækkar um 10% og gengi krónunnar styrkist um 10%, stendur verðlag innflutts varnings í stað.

Þökk sé uppgangi fyrir Covid eignum við enn gilda gjaldeyris-varasjóði, sem styrkja krónuna. Til viðbótar kemur, að verðlagið á okkar útflutningsvörum, fiski, áli, járnrýti og öðru, hefur stórhækkað. Þetta styrkir svo krónuna enn frekar. Loks bætist það við, að koma ferðamanna er að stórauðkast aftur, komast á svipað stig og var fyrir Covid, en þessi jákvæða þróun og tengdar gjaldeyristekjur munu styrkja gengi krónunnar enn frekar.

Seðlabanka hefði því verið í lófa lagið, að hemja hækkanir verðlags á innfluttum varningi með gengi krónunnar, ef það hefði þá ekki gerzt sjálfkrafa.

Hvað með húsnæðiskostnaðinn?
Mikil hækkun húsnæðiskostnaðar stafar af skorti á íbúðum, sem aftur

stafar af skorti á lóðum og bygginga-framkvæmdum. Því þarf að auka framboð íbúða. Verður það gert með hækkun vaxta!? Nei, alls ekki, vextir á byggingafjármagni hækka og byggingarkostnaður þar með. Verð íbúða hækkar, lækkar ekki.

Seðlabanki hefði getað gert þetta: Bóðið bæjar- og sveitarfélögum lánsfjármagn á lágmarksvöxtum, 0,5-1,0%, til að hraða uppbyggingu innviða og undirbúa byggingalóðir meira og betur en ella hefði verið. Á sama hátt hefði Seðlabanki getað styrkt og örvað byggingafélög og framkvæmdaaðila til að auka og hraða íbúðabyggingum.

Seðlabanki hefði líka getað hlutast til um það að bankar hækkuðu kröfu um eigið fé íbúðakaupenda í bili, til að slá á vilja og getu þeirra til kaupa, meðan að jafnvægi skapaðist á húsnæðismarkaði.

Hvað með kollurnar?
Ef vargur kemst í æðarvarp og vörðurinn gripur í óðagoti til hagla-byssu, í stað riffils, til að farga varginum, og drepur æðarkollurnar með, þætti það ótrúlegt glóruleysi. Það, sem Seðlabanki er að gera þjóðinni með sínum stýrivaxtahækkunum, getur talizt svipað glóruleysi. ■

Húsnæði er ein af grunnþörfunum



Sturla Þengilsson
hugbúnaðarsér-
fræðingur á eftir-
launum

Fyrir liggur að húsnæðisverð hefur hækkað mikið undanfarin misseri og haft mikil áhrif á verðbólguna, þó svo margt annað komi til. Alla vega er staðan sú í dag að ungt fólk hefur afar takmarkaða möguleika á að eignast eigið húsnæði, nema þá með verulegri aðstoð foreldra eða annarra aðstandenda og leiguverð hefur hækkað mikið undanfarið umfram launaþróun.

Næstum öll stjórn málaöfl viðurkenna þann vanda sem við er að etja og að nokkru leyti hefur verið brugðist við, en ekki hefur samt verið lagður grunnur að heildstæðu kerfi þar sem allir geta reiknað með að fá inni í íbúðarhúsnæði sem uppfyllir lágmarksparfir án þess að fjárhag einstaklinganna sé stefnt í vöða. Einhverjum mun örugglega

finnast hugmyndir um að beina lóðaúthlutunum til fyrir fram skilgreindra hópa vega að frelsinu og lögmálinu um framboð og eftirspurn, en því er til að svara að stundum speglast frelsi sumra í ófrelsi annarra og það hefur til dæmis komið fram í þróun leiguverðs.

Hugmyndirnar eru settar fram með það í huga að á hverjum tíma verði nægt framboð húsnæðis og stór hluti þess verði nálægt kostnaðarverði og þannig mun húsnæðisverð aðlagast nýjum veruleika og færast nær raunkostnaði. Aðaláherslan þarf að vera á að meðalstórar íbúðir, að teknu tilliti til fjölskyldustærðar, séu aðgengilegar til kaups eða leigu á ásættanlegu verði.

Hér á eftir koma hugmyndir að kerfisbreytingum sem gætu mögulega rétt af kúrsinn í þessum málum og settar hér fram til umhugsunar. Engin af þessum hugmyndum er heilög í sjálfu sér og til dæmis prósenturnar sem nefndar eru, meira til umhugsunar en að þær séu vísindalega fundnar út. Allar þessar hugleiðingar eru hugsaðar með höfuðborgarsvæðið í huga en geta samt vel átt við um önnur byggðar-

lög að hluta eða öllu leyti, eftir því sem þörf er á.

Hverjir fá lóðir:

- 20% til óhagnaðardrífinna leigufélaga.
- 20% til lifeyrissjóða sem byggja og selja eignir með 3,5% álagningu.
- 20% til lifeyrissjóða sem selja með 3,5% álagningu og húsnæði uppfyllir skilyrði um hlutdeildarlán eða önnur sambærileg skilyrði.
- 30% til verktaka/einstaklinga á frjálsum markaði.
- 10% til verktaka sem byggja og selja eignir sem uppfylla skilyrði um hlutdeildarlán eða önnur sambærileg skilyrði.

Eftirfylgni með framkvæmdum á úthlutuðum lóðum og/eða byggingarleyfum:

- Ef ekki er komin botnplata innan X mánaða er lóðin tekin til baka og endurgreitt 70% af gatnagerðargjöldum og 80% af framkvæmdakostnaði/matsverði.

- Ef ekki fókheld innan X mánaða skal beita dagsektum eða framkvæmdir yfirteknar gegn 90% af framkvæmdakostnaði/matsverði.
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



gott cbd.is

Húsnæði

Geymslúhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Í samræmi við 1.mgr.43.gr. og 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með eftirfarandi breytingartillögur á deiliskipulagsáætlunum.

Leiksvæði í Urriðaholti, tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta og Urriðaholts austurhluta.
Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir stækkun leiksvæðis á græna geiranum neðan Kinnargötu á milli húsa númer 16 og 18, ofan við húsin Djáagata 13 og 15. Grænn geiri sem tilheyrði austurhluta Urriðaholts mun tilheyra Vesturhluta Urriðaholts og minnkar skipulagssvæðið sem honum nemur.

Háholt - Vinastræti, tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 3.
Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 3 sem nær til Vinastrætis 22-28 og Vinastrætis 30. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðarmörkum er breytt. Bílakjallari Vinastrætis 30 stækkar og nær undir götuna. Byggingareitum er breytt og byggingarmagn eykst á lóð Vinastrætis 30 en minnkar á lóð Vinarstrætis 22-28 þar sem byggingareitur færir til suðurs. Í heildina er um að ræða 872 fermetra aukningu byggingarmagns. Sett er kvöð um umferð og lagnir um Vinastræti.

Kauptún 1, tillaga að breytingu deiliskipulags Kauptúns
Tillagan gerir ráð fyrir stækkun á byggingareits og aukningu byggingarmagns. Byggingarreitur stækkar um 766 m2, þar af 149 m2 til vesturs vegna fyrirhugaðs anddyris en um 617 m2 til austurs að lóðarmörkum. Hámarksbyggingarmagn er aukið úr 8.100 m2 í 8.400 m2.

Vörðugata 2, tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 4.
Tillagan gerir ráð fyrir að byggingarreitur bílgeymslu stækki og bílastæðum fjölgi en gestastæðum á lóð fækki. Kjallari bætist við undir húsið. Byggingarmagn ofanjarðar helst óbreytt.

Tillögurnar er aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 05.07.2022 annað hvort á netfangið skipulag@gardaber.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.



Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

AQ-rat
Byggingaverktakar
Þegar fagmennska skiptir þig máli



Málarar óskast til starfa

AQ-rat ehf byggingaverktakar leggja áherslu á að veita fyrirtækjum, húsfélögum og einstaklingum faglega og góða þjónustu, allt frá nýsmíði til viðhalds og endurbóta. Vegna aukinna verkefna leitum við af öflugum málurum til að slást í hópinn með okkur og takast á við krefjandi verkefni.


Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og að lámarki 5 ára starfsreynsla
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Metnaður til að skila af sér vel unnu verki

Umsóknir skulu sendast ásamt ferilskrá á runar@aqrat.is merkt „Málari“

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar í síma 8920688

FÆRÐU NÓG FYRIR PENINGANA?



Vissir þú að það þarf níu birtingar í Morgunblaðinu til að ná til sama fjölda og með einni birtingu í Fréttablaðinu, ef miðað er við konur á aldrinum 25-54 ára á höfuðborgarsvæðinu?

Auglýstu í Fréttablaðinu og fáðu meira fyrir peningana.

FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Bærinn minn (e) Í Bænum minum er sagt frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Matur og heimili (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2011-2012 Reykjavík - Seltjarnarnes.
- 14.30 Fyrir alla muni Skuggi yfir Reykjavík.
- 15.00 Veðrabrigði
- 16.20 Bækur og staðir Kirkjuból.
- 16.30 Menningarvikan
- 17.00 Íslendingar Hákon Aðalsteinsson.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hönnunarstirnir
- 18.18 Söguspilið Annar þáttur.
- 18.44 KrakkaRÚV
- 17.56 Hönnunarstirnir
- 18.13 Söguspilið
- 18.39 KrakkaRÚV - Tónlist
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Sögur frá Listahátíð
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Skapalón Í þessum þætti fjallar Logi Pedro um vörðhönnun á Íslandi.
- 20.20 Öðruvísi eins og ég Different Like Me Heimildarþættir frá BBC um fólk sem finnst það af ýmsum ástæðum öðruvísi og hefur einangrað sig frá samfélaginu. Í þáttunum er fólkið kynnt fyrir öðrum sem eru í sömu sporum.
- 21.05 Flekklaus Pure
- 21.40 Hamingjuleit Hvor ligger Løkken?
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Njósnið í Berlín Berlin Station
- 23.10 Fjölskyldubönd Mother Father Son
- 00.05 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 The Neighborhood
- 15.25 Survivor
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 A.P. BIO
- 19.40 American Auto
- 20.10 Good Sam
- 21.00 FBI
- 21.50 FBI. Most Wanted
- 22.40 Love Island Australia
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Strange Angel
- 01.25 The Rookie
- 02.10 Chicago Med
- 02.55 Wolfe
- 03.45 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The O.C.
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.20 Ultimate Veg Jamie
- 10.05 Masterchef USA
- 10.40 Call Me Kat
- 11.05 Shark Tank
- 11.45 Home Economics
- 12.05 30 Rock
- 12.25 Nágrannar
- 12.50 The Goldbergs
- 13.10 The Great British Bake Off
- 14.05 Tiny Lives Einstakir heimildarþættir þar sem skyggst er inn í starfsemi nýbura-deildar á Háskólasjúkrahúsinu í Wishaw í Skotlandi. Þar vinnur teymi fólks við að halda lífi í viðkvæmstu tilfellum nýbura.
- 15.05 Cherish the Day
- 15.50 The Masked Dancer
- 16.55 Grey's Anatomy
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.05 Hell's Kitchen USA
- 19.50 Last Man Standing
- 20.10 S.W.A.T.
- 20.55 Better Call Saul
- 21.40 Last Week Tonight
- 22.15 Fávitar
- 22.30 Gentleman Jack
- 23.25 The Teacher
- 00.10 Next
- 00.55 Supernatural
- 01.35 The O.C.
- 02.15 Ultimate Veg Jamie
- 03.00 Call Me Kat
- 03.20 Shark Tank

Íslensk hönnun sveipuð ævintýraljóma

Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Í tilefni af HönnunarMars sem haldinn var með pompi og prakt í byrjun maí heimsækir Sjöfn Þórðar hönnunarfyrirtækið VIGT, frumkvöðlafyrirtækið Feel Iceland og veitingastaðinn Hnoss í Hörpu sem var þar í samstarfi við Rammagerðina.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 stórvirki
5 gapa
6 fæði
8 drykkur
10 ákefð
11 sandeyri
12 sprikla
13 málmur
15 afbragð
17 stigi

LÓÐRÉTT
1 aflögu
2 óforsjálni
3 hásk
4 kirnan
7 fjörugur
9 braska
12 ljómi
14 þar til
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 afrek, 5 flá, 6 el, 8 gambri, 10 as, 11 rí, 12 bada, 13 guil, 15 snilld, 17 skali.
LÓÐRÉTT: 1 afgangs, 2 fías, 3 rám, 4 keríð, 7 lífandi, 9 bralla, 12 blík, 14 uns, 16 líl.

Sudoku

7								3
		6			9	2		
1		8						9
	2	9		1		7	3	
3			7		6		9	
5	6			3		1		4
		1		5				7
	8		3	4				
6			2			8		

					3			
2				5	6		1	
3			7				8	4
7		2			4			5
9			3	7				
			9			4	6	
		3			8	5		
4			1			6		
		9			2			8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Þriðjudaginn 31. maí kemur út sérblað um

sundlaugar og jarðböð

Nú er komið sumar, sólin farin að leika við okkur og sumarfríin á næsta leiti. Því fer fólk að spá í sundlaugar sem verða á vegi þeirra á ferð um landið.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Eldað Með Hönnu Þóru

Eldað með Hönnu Þóru eru nýir örþættir sem sýndir verða á vef Fréttablaðsins. Þættirnir verða sýndir þrisvar í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga fram í miðjan ágúst.

Hanna Þóra ætlar sýna hvernig á að útbúa ketó veislur fyrir alla fjölskylduna á einfaldan og fljótlegan máta.

Uppskriftirnar úr þáttunum munu birtast samdægurs á vef Fréttablaðsins.



Skannaðu kóðann

HAGKAUP

frettabladid.is

Sigríður Jónsdóttir

Eftir langa og stranga þrautagöngu síðustu tvö leikár virtust bjartari tímar vera fram undan í sviðslistum síðastliðið haust. Leikhúsin tóku við sér af krafti eftir stöðugar lokanir í heimsfaraldri en dyrnar stóðu ekki opnar lengi. Öllu var skellt í lás fyrir jól, jólasýningunum var frestað og ástandið iskyggilegt um tíma. Langtímaáhrifin eiga eftir að koma betur í ljós en ljóst er að sjálfstæða sviðslistasenan kom verst undan vetri. Meira um það síðar.

Barnasýningar og erlent listafólk
Hefjum leik á jákvæðu nótunum. Barnaleikhúsið á landinu er í blóma. Hver vandaða og skemmtilega leiksýningin fyrir yngstu áhorfendurna rak aðra á liðnu leikári. Emil í Katt-holti í leikstjórn Þórunnar Örnú Kristjánsdóttur var frábær í Borgarleikhúsinu og Kjarval sömuleiðis, Kardemommubærinn hélt áfram að fylla hús í Þjóðleikhúsinu og Mann-dýr eftir Aude Busson í Tjarnarbíó leyfði litlu áhorfendunum að búa til sína eigin list í krafti hópsins.

Eftir nærri fjörutíu ára fjarveru var loksins hægt að sjá leikrit Caryl Churchill á landinu: Ein komst undan í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur í Borgarleikhúsinu og Ást og upplýsingar í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur í Þjóðleikhúsinu. Sömuleiðis komst Framúrskarandi vinkona í leikstjórn Yael Farber loksins á svið. Því miður varð sýningartíminn á þessum sýningum fremur stuttur, en vonandi er þetta forsmekkurinn að framtíðinni.

Skuggi stórra sýninga

Faraldurinn varð til þess að stærri leikhúsin skulduðu stórar sýningar langt fram í tímann og yfirtóku þær Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið á kostnað þeirra smærri. Ein af afleiðingunum var ötröð á Stóra sviði Þjóðleikhússins sem skapaði ófremdarástand þar sem geymslaaðstaða hússins er óviðunandi. Borgarleikhúsið kom sömuleiðis mjög fjárhagslega laskað út úr faraldrinum.

Skugga-Sveinn í leikstjórn Mörtu Nordal á Akureyri vakti töluverða athygli og gekk fyrir fullu húsi í Samkomuhúsinu fram á vor. Leikhúsgagnrýnandi Fréttablaðsins fékk ekki boð og sá hana því ekki.

Leiksýningarnar Ein komst undan og Ást og upplýsingar eftir Caryl Churchill stóðu upp úr á þessu leikári. Tilraunasýningin Á visum stað eftir leikhópin Slembilukku var eftirminnileg, fjárfesting í ungu sviðslistafólki margborgar sig. Gísli Örn Garðarsson hljóp inn í hjörtu áhorfenda í danska einleiknum Ég hleyp og Sjö ævintýri um skömm eftir Tyrfing Tyrfingsson í leikstjórn Stefáns Jónssonar kom eins og skrattinn úr sauðarleggnum á vormánuðum. Sérstakt hrós fær Tjarnarbíó, starfsfólk þess og listafólk fyrir elju, baráttuanda og þrautseigju á þessum síðustu og verstu tímum.

Íslensk leikritun

Leikgerðin lifir enn þá góðu lifi á Íslandi en Ásta var sýnd fyrir fullu húsi og færði sig fljótlega upp á Stóra sviðið í Þjóðleikhúsinu, sömuleiðis Vertu úlfur en báðar sýningarnar eru byggðar á bókum.

Þrátt fyrir töluverðan uppgang þegar kemur að kvenkyns leikstjórum og erlendum leikskáldum virðist eitthvað halla á þeirra hlut þegar kemur að íslenskri leikritun. Blóðuga kanínan eftir Elísabetu Jökulsdóttur í Tjarnarbíó var þó undantekningin en nokkra furðu vakti að Sigrún Eldjárn þurfti leikritakeppni til að koma sínum fantagóða Umskiptingi á svið.

Hvað karlkyns leikskáldin varðar þá var framboðið meira en

Sagan endalausar

Sviðslistaannáll 2021–2022



Ein komst undan eftir Caryl Churchill heppnaðist afar vel.

MYND/ADSEND

fátt markvert. Þétting hryggðar eftir Halldór Laxness Halldórsson í Borgarleikhúsinu var þó forvitnileg frumraun. Sjö ævintýri um skömm eftir Tyrfing Tyrfingsson er í sýningum fyrir nánast fullu húsi öll kvöld sem sýnir að greinilega er eftirspurn eftir íslenskum gæðum.

Ónýtt launa- og styrkjakerfi
Biðin eftir sérstöku ráðuneyti fyrir

menningu og listir lengist. Eftir síðustu kosningar varð þó til nýtt ráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneytið. Hættan er sú að menningarmálin tynist í peningafrumsköginum.

Mikil gleði braust út þegar viðspyrnustyrkur var tilkynntur en svo kom annað hljóð í strokkinn. Í stað þess að nýta tækifærið til að stokka upp í kerfinu var enn og aftur settur

”

Leiksýningarnar Ein komst undan og Ást og upplýsingar eftir Caryl Churchill stóðu upp úr á þessu leikári.

plástur á opið svöðusár. Plásturinn var líka lengi á leiðinni en tilkynningin um aðgerðirnar kom ekki fyrr en í lok mars.

Launa- og styrkjakerfi listafólks er fyrir löngu úrelt. Kerfinu verður að henda á haugana og byggja nýtt frá grunni, þessar endalausar lagfæringar gera engum gagn. Einnig verður að samræma sjóði þannig að þeir gagnist listafólki. Sviðslista-sjóður, Launasjóður listamanna og Reykjavíkurborg gera allir sama hlutinn en hópar verða yfirleitt að treysta á úthlutun frá fleiri en einum sjóðanna til að geta borgað listafólki mannsæmandi laun. Umsóknarfrestir og úthlutanir þurfa einnig að vera fleiri.

Það er engin ástæða til að finna upp hjólið, norrænu nágrannar okkar búa yfir ýmiss konar þekkingu. Þróunarstyrkir verða að vera í boði, sýningarskylda fjarlægð sem forsenda fjármögnunar og þrepa-kerfi launa sett inn. Þannig skapast öruggt vinnuumhverfi fyrir sjálfstæða hópa og langlífi þeirra er tryggt.

Sömuleiðis eru leikskáld á hrakhólum. Þeir sem vilja skrifa fyrir leiksvið verða yfirleitt að tengja vinnu sína við stærri leikhús sem er afar sjaldgæft, föst verkefni eða leikhópa. Úthlutanir úr ritlaunasjóði til leikskálda síðastliðin ár eru til háborinnar skammar.

Sumt breytist, annað ekki

Listaháskóli Íslands er loksins kominn með framtíðarhúsnæði fyrir alla sína starfsemi undir sama þaki í Tollhúsinu við Tryggvagötu. En viðvarandi húsnæðisskortur er vandamál þvert á allar sviðslistir. Frambjóðendur í Reykjavík héldu nýlega fund með sjálfstæðu sviðslistafólki og þar kom bersýnilega í ljós hörð lífsbarátta. Jafnvel ef fjárveiting fæst í gegnum launakerfin er ekkert pláss til að sýna verkin, Tjarnarbíó er til dæmis fyrir löngu búið að sprengja utan af sér. Sviðslistamiðstöð er þó loksins komin á legg en Friðrik Friðriksson kvaddi Tjarnarbíó til að taka við stofnuninni og Sara Marti Guðmundsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri.

Sól, sjór og stjórnsýslusull

Listahátið í Reykjavík er handan við hornið en sviðslistaunnendur eru hvattir til að skoða dagskrána enda fjölmargt spennandi í boði. Þar má helst nefna bandaríska listamanninn Taylor Mac og litáisku innsetninguna Sun & Sea sem hreppti Gullna ljónið á Feneyjatvíæringnum 2019, báðir viðburðirnir eru á heimsmælikvarða.

Ísland er menningarþjóð. Þetta er setning sem stjórnmálafólk tónglast reglulega á en er ekki tilbúið til að sýna í verki, hvað þá fjárstuðningi. Sviðslistirnar hafa gleymst í gegnum tíðina og málaflökkurinn virðist alltaf mæta afgangi. Við eigum stórkostlegt sviðslistafólk sem á miklu betra skilið. Leikhúsið mun lifa en önnur spurning er hvort listafólkið geti lifað á leiklistinni.

Allir í leikhúsi! ■



ÚTI FLÍSADAGAR

ÚTIFÍÐAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Tilboðsverð
6.990.-
Pr.fm

MIKIÐ
ÚRVAL
Á LAGER

VIÐHALDSFRÍAR - AUÐVELT AÐ LEGGJA - ENDINGARGÓÐAR



ALFABORG
- allt a gólfíð -

Skútuvgi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Ladda var ekki í hel komið 2020 og ris nú einnig upp í Þýskalandi.

Brúðkaup í Berlín

toti@frettabladid.is

Vinsældir sjónvarpsþáttanna Jarðarförin mín, sem Sjónvarp Simans, frumsýndi fyrir tveimur árum, urðu slíkar að hinum bráðfeiga Benedikt, sem Laddi lék, varð ekki í hel komið og framhaldið Brúðkaupið mitt kom í kjölfarið. Jarðarförin vakti á sínum tíma athygli út fyrir landsteinana og þá sérstaklega í Þýskalandi, þar sem þættirnir kepptu á Berlin TV Series Festival. Sjónvarpsstöðin ARTE tók þættina í kjölfarið til sýninga og nú er Brúðkaupið á sömu vegferð eftir að hafa fengið inni á Berlin Series.



Hörður Rúnarsson

„Fyrst og fremst er þetta heiður fyrir þessar dásamlegu seríur að verða fyrir valinu á svona spennandi og vaxandi hátíð sem Berlin TV Series Festival er,“ segir Hörður Rúnarsson hjá Glassriver, sem framleiddi þættina fyrir Sjónvarp Simans.

Hann segir mjög ánægjulegt að sjá þættina fá jafn góð viðbrögð erlendis og raun ber vitni, þótt vinsældirnar hér heima hafi vissulega lofað góðu. „Við erum að skoða framhaldið með ARTE en við gerum sterklega ráð fyrir því að Brúðkaupið endi hjá ARTE í Þýskalandi og Frakklandi. Önnur svæði eru síðan að skoða báðar seríurnar.“

Hörður segir aðspurður að Laddi falli þjóðverjum greinilega vel í geð. „Sem gleður okkur, enda vita allir hér á landi hvaða gæði fylgja honum og hans verkum.“ Þá spilli ekki fyrir að báðar þáttaraðirnar hverfist um sammannleg efni sem allir geti tengt við.

„Fólk um allan heim getur tengt við eitthvað eins og að standa frammi fyrir dauðanum. Eða vandamálum sem tengjast fjölbreyttu fjölskyldumynstri. Ekki síst þegar stórviðburðir eins og jarðarförir og brúðkaup eru fram undan.“ ■



Inntaksmannvirki Flóaáveitu skammt fyrir neðan Hvítá þar sem fjölmenni var um helgina.

Öld síðan hafist var handa við Flóaáveitu

Flóamenn fögnuðu því í fjölmenni um nýliðna helgi að öld er liðin frá því heima menn hófust handa við gerð Flóaáveitu, raunar í orðsins fyllstu merkingu, enda voru skurðir hennar handmokaðir af fjölda manna frá því herrans sumri 1922.

ser@frettabladid.is

Fimm árum síðar voru áveituskurðirnir byrjaðir að veita vatni um allan Flóann, bændum og búaliði til mikillar ánægju – og búhnykks, en áveitan var upphafið að miklu framfaraskeiði í Flóanum.

Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og bóndasonur frá Brúnastöðum sem á land að inntaksmannvirki áveitunnar, stjórnaði hátíðinni um helgina og hafði hann á orði að Flóaáveitan væri „móðir Mjólkurbús Flóamanna, Kaupfélags og Selfoss“, en þúsund ára kyrrstaða hefði verið rofin í Flóanum með framkvæmdinni og aflinu sem því fylgdi.

Að sögn Guðna var Flóinn einn samfelldur mýrarskratti áður en áveituskurðirnir voru handmok-

aðir á sinni tíð og landið allt illt yfirferðar fyrir þær sakir.

„Og þetta var mikið at í sveitinni, vittu til,“ heldur Guðni áfram og minnir á að einir tólf vinnuhópar með fjórtán manns í hverjum þeirra hafi haldið á skóflu sinni svo árum skipti í Flóanum – og bara í sprengjudeildinni sem lagði klappirnar að velli hafi verið fimmtíu manns.

„Og hugsaðu þér, maður minn, eftirtekjan er samtals 300 kílómetra skurðir um allt héraðið sem færði fólkinu nauðsynlegt vatn úr Hvítánni – og víða með fram þeim og yfir þá voru smíðaðar 500 bryggjur og brýr.“

Nýtt upplýsingaskilti sem segir sögu Flóaáveitu var vígt við athöfnina um helgina, en það stendur við ferðamannavegin Þórsveg, en hannyrðakonan Hildur Hákonardóttir gaf veginum það nafn til heiðurs eiginmanni sínum, Þór heitnum Vigfússyni, skólameistara Fjölbautaskóla Suðurlands, sem var einstakur áhugamaður um sögu Flóaáveitunnar „og vísaði mörgum veginn í lífinu í orðsins fyllstu merkingu“, eins og ekkjan komst að orði. ■



Heimamaðurinn Guðni Ágústsson stjórnaði hátíðarhöldunum eins og honum einum er lagið.



Saga Flóaáveitu var sögð við hátíðarhöldin en mörg hundruð heimamenn handmokuðu skurðina sem eru samtals 300 kílómetrar.



Hildur Hákonardóttir, ekkja Þórs Vigfússonar, afhjúpaði nýtt upplýsingaskilti um sögu áveitunnar.

MYNDIR/SIGURJÓN ANDRÉSSON

Lífið hélt áfram á meðan Trixie beið

toti@frettabladid.is

„Ég keypti miðana með margra mánaða fyrirvara, þá var ekkert Covid og enginn vissi neitt um neinn heimsfaraldur,“ segir Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, sem keypti miða á skemmtun bandarísku dragdrottningarinnar Trixie Mattel í nóvember 2019 og ætlaði að gefa bróður sínum í afmælisgjöf, en Trixie átti þá bókadán sal í Hörpu í maí 2020. „Mér fannst dagsetningin svo sniðug því bróðir minn á afmæli þarna í byrjun maí,“ segir Guðrún.

Síðan kom svolítið upp á og systkinin eru fyrst að komast á sýninguna í kvöld, tveimur árum á eftir áætlun, þannig að ýmsar breytingar hafa að vonum orðið á högum þeirra.

„Þessu var náttúrlega frestað þrisvar eða fjórum sinnum og ég hélt að þetta myndi aldrei gerast. Ég vissi



Seint kemur Trixe en kemur þó.

til dæmis ekki að ég myndi eignast þriðja barnið mitt áður en ég myndi sjá Trixie Mattel,“ segir Guðrún og hlær, en dóttir hennar er að verða eins og háls árs.

Guðrún er mikill aðdáandi dragþáttarins Ru Paul's Drag Race þar sem Trixie keppti einmitt og sigraði síðan í All Stars.

„Það er hálf leiðinlegt að þau hafi fært þetta á þriðjudag. Þetta átti að



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

vera á fimmtudegi eða föstudegi og ég ætlaði bara að hafa gaman með bróður mínum sem átti ekki kærustu, en er núna í sambúð.“ Aðspurð segir hún erfitt að segja til um hvort Trixie sé hennar uppáhaldsdragdrottning. „Þær eru allar svo æðislegar. En hún er alveg í topp tíu, það er eitthvað við hana,“ segir hún og víðrar áhyggjur sínar af álaginu sem er á Trixie. „Hún var með sýningu í London í gær, París þar á undan og Reykjavík í dag. Hún verður vonandi í stuði.“ ■


80's í fókus

HÓKUS PÓKUS

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun

Laugavegi 69 S. 551-7955



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345



SÓFADAGAR

Lýkur 30. maí

20%

afsláttur

af sófum



BARCELONA svefnsófi

Vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Svefnflútur. 194x140x13 cm. Stærð á sófa: 193 x 93 x 100 cm. Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **159.920 kr.**



HOUSTON hornsófi

Fallegt koniakslítað bonded leður. 275 x 210 x 85cm. Fullt verð: 249.900 kr.

Nú **199.920 kr.**



AUSTIN sófi

3ja sæta stillanlegur sófi. Hægra og vinstra sæti eru hallanleg með skammel. Miðjusæti niðurfellanlegt og verður að borði. 198 x 95 x 98 cm. Fullt verð: 299.900 kr.

Nú **239.920 kr.**



MEGA u-sófi

Fallegur sófi með gráu áklæði. Hægri eða vinstri tunga 382 x 241 x 85 cm. Fullt verð: 299.900 kr.

Nú **239.920 kr.**



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast



Bragi Þór fannst lítið vit í að enn einn hvíti Evrópumaðurinn þættist víta eitt-hvað um afríska tónlist og ákvað því að líta sér nær.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Himnasmiðurinn breytir kórstjóranum í kolkrabba

Bragi Þór Valsson stofnaði kórinn Himnasmiður utan-um doktorsverkefni um Þorkel Sigurbjörnsson við suður-afríska háskóla en ólýsanlegir hljómar skáldsins breyta honum í kolkrabba þegar mest gengur á.

toti@frettabladid.is

„Ég stofnaði kórinn bara í haust sérstaklega fyrir þetta verkefni og þau ætla síðan að halda áfram með hann af því hann er svo flottur og skemmtilegur. Mörgum er frekar augljóst hvaðan nafnið á kórnum kemur, en Heyr, himna smiður er langþekktasta kórverk Þorkels,“ segir Bragi Þór Valsson um kórinn Himnasmið.

Kórinn flytur 35 verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson á tónleikunum Heyr, himna smiður: Trúarleg kórtónlist Þorkels Sigurbjörnssonar, sem verða haldnir í tvennu lagi í Laugarneskirkju í kvöld og á fimmtudagskvöld og eru hluti af doktorsverkefni Braga í kórstjórn frá háskóla í Suður-Afríku, þar sem hann bjó þegar hann hóf námið.

„Ég myndi ekki fá doktorsgráðuna fyrr en eftir fimm ár ef þeir þyrftu að biða eftir því að ná að horfa á tónleikana í netstreymi,“ segir Bragi þegar hann er spurður að því hvernig hann fari að því að skila jafnflóknu verkefni til skóla í fjarlægri heimsálfu og hvort tónleikunum verði jafnvel streymt þangað.

„Það þýðir ekkert út af nettengingunni þar. Tónleikarnir verða



Þegar fólk hlustar þá verður það fyrir einhverjum áhrifum sem það getur kannski ekki lýst.

eins og gengur með íslensku 20. og 21. aldar tónskáldin, svolítið þyngra og skrátnara og kannski áhugaverðara fyrir marga.

Þetta er bara alls konar og Þorkell var alveg svakalega fjölhæfur. Það er svo margt mismunandi í gangi og þegar horft er á heildina er erfitt að lýsa eiginlegu aðalsmerki hans sem er, eins og langflestir þekkja, einhver ólýsanleg fegurð í hljómanotkuninni. Þetta er einhvern veginn þannig að þegar fólk hlustar þá verður það fyrir einhverjum áhrifum sem það getur kannski ekki lýst.“

Klikkaður kolkrabbi

Bragi segir verkefnið því hafa verið skemmtilega áskorun, en útilokar ekki að maður gæti misst vitið ef maður væri að vinna í þessu alla daga í mörg ár. Sum verkin er bæði erfitt að syngja og erfitt að stjórna þeim. „Þannig að aftan frá lít ég örugglega svolítið út eins og kolkrabbi þegar ég er að stjórna þessu. Alltaf svona í allar áttir.

Næstum allir sem ég hafði samband við þarna fyrir nokkrum árum varðandi þetta, töldu að þetta væri liggur við ógerlegt og það þykir hálfgerð klikkun að ætla að flytja svona mikið af erfiðri tónlist á jafn stuttum tíma og allt í einum bunka. Þetta er svolítið massíft verkefni og örugglega áhugavert fyrir marga að sjá hvort þetta er hægt,“ segir Bragi, sem telur víst að tónleikarnir verði ekki síst sérstök upplifun fyrir kór-áhugafólk. „Og þetta tókst og verður flott. Ég veit það nú þegar æfingarnar eru að klárast.“ ■

teknir upp, klipptir til og ætli ég fari ekki bara með þá með mér á USB-lykli eða eitthvað svoléiðis.“

Svakalega fjölhæfur

Bragi leggur mikla áherslu á að tónleikarnir skiptist í tvo mjög ólíka hluta. „Það er ekkert eins á þeim og fólk sem vill heyra allt programmið þarf að koma báða dagana. Sumt er svona eins og gengur, svona frekar aðgengilegt og frekar einfalt til hlustunar og söngs. Og annað er

Lykilspurningin

Áttu eftir að sakna Dags?



Vigdís Hauksdóttir
fráfarandi borgarfulltrúi

„Nei, nei. Svo sem ekki,“ segir Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins, sem situr sinn síðasta borgarstjórnarfund í dag. „Við erum svo sem ekkert að takast á persónulega. Þetta er allt tengt vinnunni, þannig að ég held þetta sé nú stórkostlega ofmetið að við séum alltaf í einhverju ósætti. Ég náttúrliga bara hef tekið á málunum sem fyrir liggja. Það er ekki

neitt persónulega gegn Degi.

En heldurðu að hann sé feginn að sjá á bak þér?

„Ja, ég vona nú að Dagur eigi eftir að sakna fjörsins sem er alltaf í kringum mig. Það er nú ekki hægt að segja annað en ég hafi sett ákveðinn lit á Ráðhúsið. Og í mörgum tilfellum lyft málefnum á hærra plan og rætt um þau af alvöru. Það er aldrei neitt froðusnakk í kringum mig, sko. Það hefur náttúrliga kannski reynst þeim svona erfitt og þau voru bara övön því.“

Verður þetta góður dagur?

„Já þetta verður góður dagur. Allaveganna fyrir mig. Síðasti borgarstjórnarfundurinn er í dag

og frelsið mitt er bara handan við hornið, en þeirra sem sitja eftir biða ærin verkefni,“ segir Vigdís og bætir aðspurð við að sporin verði ekki þung í dag og söknuðurinn lítill.

„Nei, veistu að þegar ég tek ákvarðanir þá bara standa þær og þetta er bara einhvern veginn þannig starfsumhverfi að það er ekkert ægilega hollt fyrir mann að vera lengi í því. En jú, jú. Auðvitað verður ákveðinn söknuður eftir fólkinu og svona en þetta er bara eins og að skipta um vinnu. Og nú er framtíðin mín vonandi bara björt á einhverjum öðrum vettvangi sem ég á eftir að finna út hver verður.“ ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



STÓR PIZZA 1.590

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA
★ Í HAFNARFIRÐI ★

— PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR —

pizzahut.is - 515 1617 - Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Bakþankar



Péturs Georgs Markan

Tíu

Í stórkostlegri senu Péturs Gunnarssonar í bókinni Punktur punktur komma strík, situr söguhetja bókarinnar, Andri Haraldsson, sumarkvöld uppi á opnum traktor sem slær grænt grashafið. Farmallinn silast áfram í hringi sem þrengjast og þökurnar sem sluppu í síðasta hring eru fyrstar til að fara í þeim næsta. Í tímaleysi og æskueilífið ungdómsins birtist lífið fyrst sem takmörkuð auðlind í vitund Andra.

Kannski ekki ólíkt því þegar maðurinn sá jörðina í fyrsta sinn utan frá úr geimnum. Þessa himinbláu marmarakúlu, einmana í óravíddum svarteilífiðar geimsins, viðkvæma, einstaka og takmarkaða. Rétt eins og við.

Hörður Markús er tíu ára í dag. Sem er besti aldurinn. Áhyggjulaus og áhugasamur gagnvart morgundegnum – laus við eftirsjá yfir gærdeginum, stóreygur yfir undri dagsins, athugull og forvitinn þegar hann vaknar á morgnana.

Okkar allra biða krefjandi verkefni komandi tíma. Sjálfbærni í lífnaðarháttum er lykillinn að öllum skráargötum framtíðarinnar – hvort sem það er nýting náttúruauðlinda, eining manna eða samvinna þjóða. Eða einfaldlega ástin. Ástin sem þarf að bera sig sjálf og vera í jafnvægi – gagnvart okkur sjálfum, maka okkar og náunga.

Lífið er takmarkað og tímanum stöndumst við ekki snúning. Í sömu senu og vitnað er í ofar segir: „Þú getur hætt að finna fyrir honum (tímanum) með því að éta döp en hann heldur samt áfram að færa þig nær þessum punkti, hvar hann yfirgefur þig.“ Versta sálardöpið er eftirsjá og ótti – þá hættir maður að finna fyrir tímanum.

Okkar sameiginlega verkefni er að finna hugarástand tíunnar og finna hvern dag óbundin – athugul og forvitin. Stóreyg yfir undrinu sem biður okkar. ■



FRÍTT
KAFFI
MEÐ ORKULYKLI

STILLANLEG
HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
VÖNDUÐUM
HEILSURÚMUM



EITT MESTA
ÚRVAL AF
HEILSUDÝNUM
Á LANDINU



VANDABAR
SÆNGUR OG
KODDAR Í
ÚRVALI



PANDORA
STILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL



FRÍTT
KAFFI
MEÐ ORKULYKLI






Svefn & heilsa

★★★★★


WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150



OPID:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBODSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR